

Nr. 59.
3. nóv.

Lög

um

mat á lóðum og löndum í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Er meta skal verðmæti lóða eða landa Reykjavíkurkaupstaðar, sem bæjarstjórn Reykjavíkur selur öðrum, lætur á leigu eða erfðafestu, eða lætur til einhverra sjerstakra afnota, svo og, er meta skal leiguna eða afnotagjaldið, skal það gert af sjerstakri matsnefnd.

2. gr.

Matsnefndina skipa þrjú menn, sem kosnir sjeu til 6 ára í senn; skipar Stjórnarráðið einn og er hann formaður nefndarinnar, landsyfirdómurinn einn, en bæjarstjórnin kys hinn þriðja.

Á sama hátt kys Stjórnarráðið einn varamann, landsyfirdómurinn einn og bæjarstjórnin einn. Taka þeir hver um sig sæti í nefndinni, ef aðalmaður forfallast, sá er kosinn var af sama aðilja.

Nefndarmenn, hvort sem er aðalmaður eða varamaður, sem úr gengur, má kjósa aftur svo oft sem vill.

3. gr.

Matsnefndin ákveður sjálf borgun þá, er henni ber fyrir hvert mat. Þyki aðilja borgun sú, er matsnefndin ákveður, ósanngjörn, getur hann leitað úrskurðar Stjórnarráðsins; getur það fært niður borgunina, ef því þykir hún um sanngirni fram. Kostnaður við mat hvert greiðist úr bæjarsjóði, nema öðruvísi sje um samið.

4. gr.

Hver nefndarmaður skal, áður en hann tekur til starfa í nefndinni, vinna drengskaparheit að því, að hann skuli framkvæma starf sitt í nefndinni eftir bestu samvisku.

5. gr.

Hvert land og hverja lóð, sem metin er, skal meta eins og þau mundu sanngjarnlega seld, leigð eða látin til sjerstakra afnota. Við matið skal sjerstaklega tekið tillit til legu hins metna, hve mikill hluti þess liggur við götu eða alfaraveg, eða ef ekki liggur við götu, nálægðar við götu eða alfaraveg, hvort hið metna er sjerstaklega hæft til sjerstakra afnota, hverju verði lóðir eða lönd, sem liggja að lóð þeirri eða landi, sem

meta á, eða í nágrenninu hafa síðast verið seld eða metin, eða hver leiga eða afnotagjald er goldin, eða hefur síðast verið goldin fyrir nágrennalóðirnar og löndin, ef leigumálinn er ekki eldri en 5 ára. Nr. 59.
3. nóv.

Formaður matsnefndar kveður aðilja til mats með sólarhrings fyrirvara; það er lögleg kvaðning, ef birt er af einum stefnuvotti. Skal aðiljunum við matið ger kostur á að gefa upplýsingar og leggja fram gögn til leiðbeiningar matsnefndinni, en eigi geta þeir krafist frests til þess, nema matsnefndin í sjerstökum tilfellum telji nauðsynlegt að veita slíkan frest og ákveður hún þá jafnframt, hve langur fresturinn skuli vera.

6. gr.

Ef nefndarmenn greinir á um matið, ræður afl atkvæða.

7. gr.

Ítarlegar reglur um mat á lóðum og löndum í Reykjavíkurkaupstað skulu settar með reglugjörð, er bæjarstjórnin semur, en Stjórnarráðið staðfestir.

8. gr.

Matsnefnd sú, sem skipuð verður samkvæmt lögum þessum, skal framkvæma mat á lóðum og löndum einstakra manna, sem taka þarf að nokkru eða öllu undir götur, vegi og torg eða til annara þarfa bæjarfjelagsins lögum samkvæmt, svo og önnur mót, sem bæjarstjórnin vill fela henni.

Ef lóð eða land skerðist svo við slíkt eignarnám í bæjarins þarfir, að það, sem eftir verður, rýrni í verði hlutfallslega frá því, sem var, eða verðmætið eykst vegna framkvæmda þeirra, sem bærinn lætur gera, skal tekið tillit til þess við matið.

9. gr.

Frjálst er hvorum málsaðilja að krefjast yfirmats. Skal þá bæjarfógeti dómkveðja 3 yfirmatsmenn.

Kostnað við yfirmatið skal sá greiða, sem þess krafðist, nema munurinn milli yfirmats og undirmats fari fram úr 10 % af matsverði, þá greiða aðiljar að sínum helmingi hvor.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 3. nóvember 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.